



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Drafnarsteinn

2022 – 2023



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós Drafnarsteins.....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022 .....	5
3 Innra mat deilda .....	11
3.1 Drafnarborg .....	11
3.2 Hulduhólar.....	13
3.3 Álfheimar .....	16
3.4 Trölladyngja .....	19
3.5 Brekka.....	23
4 Innra mat sérkennslu.....	25
5 Innra mat – fjöltyngd börn .....	27
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	32
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	33
8 Foreldrasamvinna.....	33
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	33
10 Fylgigögn.....	34
<b>10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>	<b>34</b>



## Leiðarljós Drafnarsteins

# Leikur er líf – leikur er nám – leikur er vinna barnsins

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Aftur var aðlögun haustsins hálf skrýtin. Kórónuveirufaraldurinn mætti aftur í öllu sínu veldi og voru það mikil vonbrigði að hefja skólaárið í kunnuglegum aðstæðum sem við hefðum viljað haga öðruvísi. Foreldrar komu aftur lítið sem ekkert inn í skólann og voru þá frekar í aðlögun í útiveru. Smitin hrönnuðust upp, en þó þurfti aldrei að grípa til neinna lokana, sem kom ánægjulega á óvart. Haustið gekk vonum framár, en svo kom að því, á gamlársdag kom símtal um smit. Símtalið leiddi af sér rakningu og í kjölfarið sóttkví hjá öllum börnum og starfsfólki sem hafði verið við störf í leikskólanum milli jóla og nýárs. Við tók tveggja mánaða tímabil þar sem mikið var um smit, rakningar og lokanir á einstaka deildum í einhverja daga. Okkur mætti hins vegar mikill skilningur og samstaða. Svo kom vorið með hækkandi sól.

Það gekk vel að vinna með áhersluatriðin okkar úr menntastefnunni, *sjálfshjálp* og *félagsfærni*. Við töldum þau vera við hæfi bæði meðan á faraldrinum stóð og eftir að honum lauk. Í sameiningu var ákveðið að efla sjálfshjálp barnanna verulega, þar sem daglegir hlutir á borð við að fá tækifæri til að skammta sér sjálf á diskinn, leggja á borð o.fl. hafði dottið upp fyrir útaf dálitlu. Hafist var handa við að breyta salnum okkar í matsal og þar með breyta þeirri menningu að borða inni á deildum, hvert í sínu sæti. Í dag borða þrjár deildir á Dvergasteini í flæði og hefur verið frábært að fylgjast með hvað börnin hafa styrkst á stuttum tíma í sjálfshjálp og hvernig stemningin við matarborðið hefur breyst, þar sem börnin halda uppi skemmtilegum samræðum sín á milli og eru dugleg að aðstoða hvert annað. Í Drafnarborg, þar sem yngstu börnin eru, borða þau enn við sín borð og á Brekku, deildin með elstu börnunum, er verið að finna leiðir til að efla sjálfshjálp og lýðræði í matartímum. Þetta verkefni kallaði á að nýju teymi yrði komið á fót. Starfsmaður leikskólans, sem var í meistaranámi í leikskólakennarafræðum, nýtti tækifærið og gerði breytinguna á tilhögun matmálstímanna að meginviðfangsefni sínu á síðustu önninni og fór fyrir mathallarteymi.

Fleiri nemar, sem einnig störfuðu við leikskólann, voru drífandi og höfðu jákvæð áhrif á starfið. Deildarstjóri, sem einnig var að ljúka við meistaranám í leikskólakennarafræðum, kom á fót listateymi til þess að efla starfsfólk og vekja það til umhugsunar um þá Reggio miðuðu nálgun sem við viljum horfa til í skapandi starfi með börnunum.

Stofnun þessara teyma var frábær viðbót við þann hóp teyma sem eru nú þegar við skólann. Ásamt Lubbateymi og umhverfisteymi er einnig starfandi læsisteymi, sem fékk í vetur hvatningarverðlaun SFS og erum við gríðarlega montin af því. Sérkennslustjóri leikskólans hefur haldið vel utanum bæði læsis- og Lubbateymið og á mikið hrós skilið fyrir vel unnin störf.

Samstarf við aðrar stofnanir, bæði Vesturbæjarskóla og Borgarbókasafnið, gekk vel þrátt fyrir aðstæður. Þó söknuðum við að geta ekki haft okkar árvissa viðburð á Degi íslenskrar tungu á Borgarbókasafninu, þar sem við höfum boðið foreldrum og forráðamönnum að koma og hlýða á okkur syngja og fara með vísur og ljóð. Einnig ákváðum við að bjóða „heim“ á opið hús í stað þess að fara með verk okkar á safnið, eins og við höfum verið að gera í tengslum við barnamenningarhátíð. Samstarf okkar við Vesturbæjarskóla var eins og hægt var að koma við miðað við aðstæður.

Áherslurnar sem við settum okkur fyrir árið gengu ekki alveg eftir en það kom margt annað í staðinn. Við stefndum að því að bjóða starfsfólki leikskólans uppá fræðslu um hvernig mætti efla tónlistarkennslu í starfi, ásamt því að móta agastefnu, hvorugt náðist. Okkur tókst hins vegar að efla foreldrasamskiptin og héldum við vel heppnað opið hús þar sem foreldrar, systkini, ömmur og afar mættu og var troðfullur skóli af spenntum aðstandendum sem þyrsti í að skoða, hittast og eiga notalega stund saman. Stjórn foreldrafélagsins hélt sinn aðalfund og kom nýrri stjórn af stað. Sú stjórn hefur fundað og skipulagt viðburði, eins og páskaföndur á laugardegi, sem tókst með ágætum.

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Verkefnaskipting stjórnenda</b>	Munnlegt samtal milli skólastjórnenda	Stjórnendur	Markmiðið var að skerpa á verkefnaskiptingu skólastjórnenda, sem náðist munnlega en ekki á blaði. Þetta skólaár kenndi okkur mikilvægi sveigjanleika í starfi okkar sem stjórnendur, þar sem við vorum meira og minna á sitthvorri starfsstöðinni í

			faraldrinum. Það er þó orðið nokkuð skýrt hver sér um hvaða verkefni og hvað við gerum saman.
<b>Samræmd agastefna</b>	Umræða á stjórnendafundum	Skólastjórnendur og deildarstjórar	Gerðar voru tilraunir til að fá kynningar á stefnum fyrir hópinn á deildarstjórafundum. Vegna fyrrgreindra aðstæðna gekk það ekki upp. Markmiðið er að ná því á næsta skólaári.
<b>Rýnihópar</b>	Í snerpusamtölum, á deildarstjórafundum	Starfsmannahópurinn	Hugmyndin var að hafa rýnihópa, tvisvar í mánuði, um einstaka þætti í daglegu starfi skólans. Við höldum nokkra örfundi um fataklefann, útiveru, frjálstan leik barna o. fl. Á fundunum sem oftast voru of fámennir, fengu þeir sem mættu að láta rödd sína heyrast um það málefni sem var á dagskrá hverju sinni. Misjafnt var hvaða starfsmaður tók að sér að stýra umræðuefni fundanna hverju sinni. Við viljum halda þessu áfram.
<b>Skólanámskrá og starfsmannahandbók</b>	Í snerpusamtölum, á	Starfsmannahópurinn	Við náðum að ljúka við starfsmannahandbókina og verður hún kynnt



	deildarstjórafundum		starfsfólki á nýju skólaári. Námskráin bíður enn yfirferðar.
--	---------------------	--	--

## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Starfsmannakönnun</b>	SFS	Starfsfólk	Svarhlutfall var það lágt að könnunin var ómarktæk. Í næstu starfsmannakönnun þarf að hvetja fleira starfsfólk til að svara og láta þannig rödd sína heyrast.
<b>Foreldrakönnun</b>	SFS	Foreldrar	Foreldrar vildu meira upplýsingaflæði. Í faraldrinum varð fjarlægðin milli heimilis og skóla gríðarleg. Við stefnum að því að efla samskipti með því að nýta fjölbreyttar leiðir til að koma fréttum og skilaboðum áleiðis til foreldra. Þá viljum við einnig skipuleggja fleiri viðburði í samstarfi við foreldrafélagið.



## Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023 (heildarmat leikskólans)

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	He fst	Lo kið	Hvernig og hvenær metið/aðf erðir?	Viðmið um árangu r
<b>Stjórnun</b>							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsi ng og /eða mælikvar ði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði .
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
<b>Agastefna</b>	Að kynna okkur og velja stefnu	Fá kynningu og velja innan stjórnenda teymis hvaða agastefnu við hyggjumst innleiða í leikskólan um.	Leikskólastjó ri			Fá kynningu frá sérfræðingu m, stjórnendate ymi innleiðir og sér um mat.	Samræ md viðbrög ð starfsfól ks þegar taka þarf á agamálu m.
<b>Örfyrirlestrar</b>	Halda áfram með örfyrirlestra um faglega þætti í starfi leikskólans og auka virka þátttöku starfsfólks	Auka þátttöku starfsfólks, með betri kynningu og	Leikskólastjó ri og aðrir í stjórnendate ymi skólans.			Kynna betur um hvað á að fjalla hverju sinni og skrá mætingu á fundum.	Auka virka þátttöku starfsfól ks og vekja





		undirbúnin gi.					áhuga þeirra á einstaka málum. Þjóða uppá fleiri tækifæri til samtals í minni hópum, þvert á deildir.
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
<b>Snerpusamtöl</b>	Hafa skýrari tímaramma, svo meiri líkur séu á að samtöl eigi sér stað.	Ákveða tímann betur fyrirfram	Þeir sem sjá um samtöl, stjórnendahlópur skólans.			Undirbúningur fyrir snerpusamtöl á deildarstjórafundum.	Fleiri samtöl með vissu millibili auka tækifæri til virkara samtals
<b>Innra mat</b>							
<b>Skólanámskrá</b>	Fara yfir núverandi námskrá, endurmeta hana og bæta	Verkefnaskipta yfirferð og ákveða dagsetningu fyrir kynningu á breytingu. Það veitir öðrum tækifæri til að tjá sig um	Leikskólastjórnari			Skipa fólki í hópa eftir áhugasviði, auglýsa eftir þátttakendum á starfsdögum.	Uppfærð og betri námskrá



		einstaka þætti námskrárinna.					
<b>Leiðarljós/starfsmannahandbók</b>	Kynna nýja starfsmannahandbók/leiðarljós	Fara yfir hana á skipulagsdögum með svigrúmi til breytinga	Leikskólastjórnendur			Kynning á starfsdögum	Bættari starfshættir
<b>Menntastefna Reykjavíkurborgar (félagsfærni og sjálfshjálp)</b>	Halda áfram að hlúa að áhersluþáttum skólans og gera þá sýnilegri foreldrum.	Halda umræðunni á lofti, kynning á starfsdögum og foreldrafundum.	Leikskólastjóri og teymisstjóri Menntastefnuteymis			Skráningar	Framfarir barna, salernisferðir, mathöll, fataklefi.
<b>Teymi</b>	Halda áfram með teymisvinnu og efla samræmda starfshætti í skólanum.	Ákveða dagsetningar fyrir fundi, svo þeir detti ekki upp fyrir.	Teymistjórn og stjórnendur			Fundargerðir	Faglegt starf sem skilar sér til barnanna.
<b>Ótrúleg eru ævintýrin</b>	Auka virka þátttöku starfsfólks og samvinnu þvert á deildir.	Nýta skemu og elta hugmyndir barnanna.	Deildarstjórnir			Skráningar	Sýnileiki á afurð.



### 3 Innra mat deilda

#### 3.1 Drafnarborg

##### Umbótaáætlun Drafnarborgar 2021 - 2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Lubbi</b>	Setja fleiri starfsmenn inn í Lubba	Fylgja eftir þeim sem er nú þegar með lubbastundir að vinna með Lubba	Deildarstjóri, lubba-stjórnandi	<b>Haust 2021</b>	<b>Janúar 2022</b>	Reglulegir matsfundir yfir veturinn og í lokin.	Samtöl og skráning
<b>Félagsfærni</b>	Efla þau í að gera sjálf, klæða sig, skammta sér mat, o.s.frv.	Gefum okkur tíma í að leyfa þeim að spreyta sig í daglegu starfi	Deildarstjóri og starfsfólk	<b>Jan. 2022</b>	<b>Haust 2022</b>	Tras, Samtöl á deildarfundum	Mat starfsfólks
<b>Nýta sjónrænt skipulag betur</b>	Virka starfsfólk í að nýta sér sjónrænt skipulag í vinnu með börnum	Kynna það fyrir starfsfólki og börnum	Deildarstjóri	<b>Haust 2021</b>	<b>Vor 2022</b>	Deildarfundum yfir árið	Mat starfsfólks

##### Mat á umbótaáætlun síðasta árs

**Lubbastundir:** Gekk vel. Tveir starfsmenn hafa séð um Lubba í vetur, annar með yfirumsjón en hinn starfsmaður getað gengið inn í þegar þurft hefur á að halda.

**Tækifæri til umbóta:** Að tveir starfsmenn sjái saman um utanumhald um námsefnið.

**Félagsfærni:** Að efla börnin í að gera sjálf, t.d. skammta sér mat, klæða sig og fleira. Það gekk ekki nógu vel að vinna með að láta þau skammta sér sjálf í matartímum. Það gekk vel að kenna aðra sjálfshjálpi eins og að klæða sig sjálf og þvo sér um hendur og slíkt.



**Tækifæri til umbóta:** Að reyna að útfæra matsalshugmyndina fyrir þennan aldur þar sem þau skammta sér alveg sjálf.

**Sjónrænt skipulag:** Það þarf að bæta sjónrænt skipulag töluvert og komst það aldrei eins langt og vonir stóðu til.

**Tækifæri til umbóta:** Að auka sjónrænt skipulag og notast við það í samverustundum og slíkt.

### Umbótaáætlun Drafnarborgar 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sjálfsfelling</b>	Efla þau í að gera sjálf í matartíma, skammta sér mat, nota hnífapör o.s.frv.	Gefum okkur tíma í að leyfa þeim að spreyta sig í daglegu starfi .	Deildarstjórar og starfsfólk	Haut 2022	Vor 2023	Staðan tekin reglulega og farið yfir á deildarfundum	Mat starfsfólks
<b>Nýta sjónrænt skipulag betur</b>	Virkja starfsfólk í að nýta sér sjónrænt skipulag í vinnu með börnum	Kynna það fyrir starfsfólki og börnum	Deildarstjórar	Haut 2022	Vor 2023	Deildarfundum yfir árið	Mat starfsfólks
<b>Stöðvavinna/ Flæði</b>	Prófa að vera með stöðvavinnu á föstudögum	Prófa að vinna í flæði líkt og á eldri deildum skólans. Gefa starfsfólki tækifæri til að sjá um viðfangsefni eftir áhuga.	Deildarstjórar og starfsfólk	Jan. 2023	Maí 2023	Byrja eftir áramót þegar börnin eru full aðlöguð og örugg. Staðan tekin reglulega og farið yfir á deildarfundum	Mat starfsfólks



### 3.2 Hulduhólar

#### Umbótaáætlun Hulduhóla síðasta árs

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Verkefnaskipulag</b>	Setja skýrari markmið.	Horfa fram á við yfir skólaárið og skipuleggja betur fyrirfram hvað á að gera og hvenær.	Deildarstjóri	<b>Haust 2021</b>	<b>Vor 2022</b>	Skráð er niður verkefni sem áætlað er að gera yfir skólaárið og síðan samanburður á því sem hefur verið gert og hvaða verkefni hafa ekki náðst.	Ef verkefnin sem áætlað var að framkvæma eru unnin þá hefur áætlunin gengið eftir. Ef áætlunin innihélt verkefni sem endurspegla stefnur, hugsjón og starf skólans þá var það góð áætlun.
<b>Frjálst val eftir hvíld</b>	Kynna fyrir börnunum skipulagt val.	Virkja starfsfólk í að setja upp val eftir hvíld.	Allt starfsfólk deildarinnar	<b>Vor 2022</b>	<b>Sumar 2022</b>	Þegar skipulagða valið hefur verið framkvæmt nokkur skipti.	Þegar skipulagt val er að minnsta kosti einu sinni í viku þá hefur markmiðið náðst.
<b>Sértæk verkefni</b>	Að reynsla og ábyrgð á námsefninu <i>Lubbi finnur málbein</i> dreifist betur meðal starfsfólks.	Gæta að því að þegar ákveðinn starfsmaður tekur að sér sértæk verkefni að hinir starfsmennirnir séu líka meðvitaðir um starfið, hvað felst í því og hvernig það er framkvæmt.	Allt starfsfólk deildarinnar	<b>Haust 2021</b>	<b>Vor 2022</b>	Starfsmenn deildarinnar munu starfa sem rýnihópur og rætt verður á deildarfundum hvernig gengur og breytingar gerðar ef eitthvað er ábótavant.	Að allir starfsmenn deildarinnar geti gengið í sértæk verkefni þó að ábyrgðarmaður verkefnisins sé ekki til staðar þá hefur markmiðið náðst.



## Mat á umbótaáætlun síðasta árs

### 1. Verkefnaskipulag

Þetta var ekki gert.

#### Tækifæri til umbóta:

Gera þetta.

### 2. Frjálst val eftir hvíld

Þetta var endurtekið frá árinu áður. Það var ekki samhljómur í starfsmannahópnum um hvort við ættum að taka þetta upp. Það var þó ákveðið með meirihluta atkvæða að taka val inn í starfið. Það þróaðist þannig að við notuðum það stundum fyrir hádegi en tíminn eftir hvíld varð frjáltsari. Við tókum þetta upp um mitt haustið. Sá sem ekki vildi spjöldin vildi að börnin myndu leika frekar í flæði. Reynslan sýndi þó að valspjöldin eru gott tól til þess að kenna börnunum að velja sér leiksvæði og að halda dótinu á sínum stöðum. Þegar starfið þróaðist með jólnum og vorinu hættum við að nota valspjöldin en þá voru börnin líka orðin betri í því að ráfa ekki endalaust. Nokkur börn sem áttu áður mjög erfitt með að finna sér eitthvað að gera urðu sterkari í því að dunda sér þegar hugmyndin um leiksvæðin varð skýrari.

Í stað þess að prenta út myndir af börnunum fyrir valmiða þá klipptum við þykktblað og börnin lituðu mynd á það. Myndirnar voru síðan merktar af starfsmanni svo auðvelt væri að sjá hver ætti hvað. Börnin áttu í engum erfiðleikum með að vita hvaða mynd þau áttu. Þetta þótti þægilegra en að prenta út myndir eins og hefð var fyrir því ef einhver týndist eða skemmdist var lítið mál fyrir barnið að búa til nýja.

Það þarf því að segja að markmiðið sem lagt var af stað með var ekki náð. Við höfum ekki verið með val í hverri viku, hvað þá á ákveðnum stundum. Við notuðum þetta til þess að innleiða hugmyndina um leiksvæði en síðan lognaðist þetta út af.

Gott tól til þess að grípa í þegar þörf er á að kenna börnunum á hugtakið *leiksvæði*.

Það varð líka minni þörf fyrir þetta þegar við ákváðum að skipta alltaf hópnum niður og hafa helming úti og helming inni á morgnanna. Þá höfðu börnin meira rými og það var auðveldara fyrir starfsfólk að halda utan um leik í flæði inni á deild.



### Tækifæri til umbóta:

Eftir að þetta hvarf úr starfinu hefur þetta gleymst svolítið. Þrátt fyrir rólegri innileik þá má samt muna eftir þessu og grípa í þetta ef þörf er á. Það hjálpar til ef órói er í hópnum eða ef einstaklingar eiga erfitt með aðstæður.

### 3. Sértek verkefni

Undir lok skólaársins 2020-2021 var tekið á þessu. Þá var starfsmaðurinn sem hafði séð um Lubbastarfið að fara að hætta um sumarið. Annar starfsmaður fór þá undir lokin að sjá um stundirnar. Hann lærði þá hvernig fyrri starfsmaðurinn hafði gert hlutina og tók síðan við á nýju starfsári. Síðan þá hefur því miður þessir hlutir farið aftur í sama horf. Sérþekking í sambandi við einstaka þætti starfsins hefur aftur horfið til einstakra starfsmanna.

### Tækifæri til umbóta:

Hugmynd kom upp á fundi Læsissteymis. Enn myndi einn starfsmaður halda utan um Lubbastarf deildarinnar, skrá og stjórna, en það yrði alltaf hreyfing á starfsfólki sem myndi vera með í Lubbastundunum. Þá myndi haldast skipulagið sem kemur með verkefnastjóra og vitneskjan og reynslan myndi dreifast um deildina. Draumurinn er þá að starfið muni einkennast enn frekar af þessum þáttum. Vandamálið er auðvitað mönnun en mögulega væri þetta hægt í samvinnu við útiveru.

### Umbótaáætlun Hulduhóla 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



--	--	--	--	--	--	--	--	--

### 3.3 Álfheimar

#### Umbótaáætlun Álfheima 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Almennar skráningar</b>	Að bæta almennar skráningar á deildinni. T.d. á fundum, hópastarfi, matar- og sveftíma, gefa 10 og þess háttar.	Með því að bæta skipulag og form á skráningu. Finna í sameiningu leið sem gerir starfsfólki auðveldara að halda skráningar.	Deildarstjóri og deildar- starfsmenn	Sept. 2021	Maí 2022	Förum reglulega saman yfir skráningar á deildarfundum og metum hvernig okkur gengur að notast við þær.	Að öðlast betri yfirsýn yfir deildarstarfið í heild og til sínu gögn sem geri mat á starfi auðveldara.
<b>Nýta teymisvinnu starfsmanna á markvissan hátt</b>	Að tryggja betur að deildin í heild fái tækifæri til þess að taka þátt í þeirri vinnu sem er skipulögð í teymum skólans.	Efla tengiliði í því að miðla sinni þekkingu til hópsins til dæmis með því að þeir undirbúi fræðslu fyrir deildarfundum.	Deildarstjóri og tengiliðir	Sept. 2021	Maí 2022	Deildarstjóri og tengiliðir eigi stutta fundir reglulega og einnig metið í lok skólaárs á deildarfundum með öllum starfsmönnum.	Að sú þekking sem verði til í teymisvinnu skólans skili sér í almennt deildarstarfi.





## Mat á umbótaáætlun síðasta árs

**Almennar skráningar:** Heilt á litið gekk þetta ágætlega. Við höfum komið skráningum á fundum í fast form sem hefur hjálpað okkur að vera skipulagðari á deildarfundum. Skráningar á hópastarfi og öðru skipulögðu starfi var bætt, t.d með því að hvetja starfsfólk til þess að skrifa á sínu eigin móðurmáli. Starfsfólki gekk ágætlega að halda utan um sínar eigin skráningar þegar það fékk að finna út sjálft hvernig því fannst best að gera þetta.

**Tækifæri til umbóta:** Við hefðum mátt vera duglegri að fara saman yfir skráningarnar til þess að nýta þær betur. Við færðum skráningar á hvíld og matartíma barnanna á vala.is og það gekk misjafnlega vel að halda þeim við. Það þyrfti að koma upp einhverskonar vinnulagi þar sem það væri tryggt að þetta sé gert á hverjum degi.

Haustið 2022 mun nýr deildarstjóri taka við deildinni sem mun vera með aðrar áherslur í umbótaáætlun næsta skólaárs. Því er þessum umbótaþætti lokið í bili.

**Nýta teymisvinnu starfsmanna á markvissan hátt:** Þetta gekk mjög vel og sett voru á fót fleiri teymi innan skólans. Þeir starfsmenn sem voru í þessum teymum fengu pláss til að koma því sem þeir þurftu að koma til skila á deildarfundum. Það hversu vel þeim gekk að halda uppi starfi teymisins innan deildarinnar fór eftir því hversu virkt teymið var. T.d gekk þetta mjög vel í Lubbastarfinu þar sem það teymi er mjög virkt.

**Tækifæri til umbóta:** Hversu vel þetta gekk skrifast ekki eingöngu á þann deildarstarfsmann sem var meðlimur í teyminu heldur á hversu virkt teymið var. Það er eitthvað sem þarf að takast á við í skólanum sem heild en ekki bara inn á einni deild. Þar sem búið er að koma fundartímum teyma í ákveðið form ætti það að ganga vel í framtíðinni. Því er þessum umbótaþætti lokið.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsþing	Við ætluð að fá börnin til þess að standa	Höfum reglulega tíma í samveru þar sem börnin standa upp fyrir	Starfsmenn deildar framkvæma þetta í samveru	September 2022	Júní 2023	Einu sinni í mánuði skal taka upptöku af hverju barni. Mikilvægt er þó að neyða ekki börnin	Þrjú þrep sýna fram á hversu vel hefur gengið.



	upp og tala	framan hin börnin og segja eitthvað eftir bestu getu.				upp þannig að gera má ráð fyrir að skráningu muni vanta fyrir einhver börnin. Síðan skulu starfsmenn skoða þróunina í undirbúning sínum í desember og júní og deildastjóri taka saman stutta skýrslu.	1 Vilji barns til að stíga upp fyrir framan hópinn. 2 Vilji barnsins til að segja eitthvað fyrir framan hópinn. 3 Geta barnsins til að segja eitthvað sem á við í samhengi.
Félagsfærni	Að hverju er stefnt?  Tilfinningalæsi	Hvernig framkvæmum við það?  Með myndum af tilfinningum uppi á veggjum og virku spjalli um tilfinningar.	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?  Deildarstjóri ber ábyrgð á að myndir séu uppi á veggjum og starfsfólk deildar sér um að ræða við börnin í daglegu starfi. Bæði í samveru og þegar færi gefst.	September 2022	Júní 2023	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)  Tekið verður	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



### 3.4 Trölladyngja

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>1. Umhverfis- mennt</b>	Að læra/nota umhverfisvæn a sveppa-ræktunaraðferð þar sem notaður er kaffikorkur úr skólanum til þess að leggja áherslu á endurvinnslu.	Kennsla og fræðsla inni á deild um ræktunina. Nota sveppagró frá apríl 2021.	Deildarstjóri	Apríl 2022	Júní 2022	Fræðsla og vinna í litlum hópum og með einstaklingskennslu. Börnin fá reglulega þjálfun og markvisst er unnið að því að efla vitund þeirra um hvernig skal unnið með öll þau skref sem þarf til þess að ræktunin gangi sem skyldi.	Haldið utan um ferlið með skráningum og ljósmyndum. Uppskeran verður síðan notuð í matargerð.
<b>2. Heilsa</b>	Að efla sjálfstæði og tilfinningu barnanna um að þau þurfi að fara á salernið og hvenær er hentugur tími til þess t.d áður en farið er í gönguferð eða útiveru.	Inni á deild. Samræður í litlum hópum og með einstaklingum er varðar líkamsvitund. Gæta að því að í dagskipulaginu skapist tími fyrir salernisferðir.	Allir starfsmenn bera ábyrgð á að styðja börnin.	Sept 2021	Okt 2021	Nýta deildarfundi til að skrá hvernig gengur og til að fá yfirsýn hvaða börn þurfi meiri aðstoð. Nýta aðferðir, til að mynda hrós eða ákveðin hljóð heyrast (bjalla, klapp og annað), til þess að minna börnin á að hlusta á líkamann sinn.	Börnin verða meðvitaðri um eigin líkamsvitund er varðar salernisferðir.
<b>3. Mat barna</b>	Hlusta á börnin og gefa þeim tækifæri á að taka þátt í	Inn á deild	Hópstjórar	Apríl 2022	Mái 2022	Fræðsla og vinna/æfingar í hópastarfi.	Þegar óskir/draumar barnanna



	ákvörðunum um að gera hvíldina, hádegismatin og útiveru betri.						verða að veruleika.
--	--	--	--	--	--	--	---------------------

### Trölladyngja: Mat á umbótaáætlun síðasta árs

**1. Umhverfismennt:** Deildastjórinn var ekki við í apríl svo að svepparæktin fór af stað í júní og gekk það mjög vel. Börnin hafa gaman að því að fylgjast með ferlinu. Þau eru virk að taka þátt í öllu sem þarf að gera til að ræktunin gangi sem skyldi. Uppskeran verður líklega í enda júní eða byrjun júlí.

**Tækifæri til umbóta:** Þessum umbótaþætti lýkur í sumar.

**2. Heilsan:** Að vinna að þessum umbótaþætti náðist ekki í haust sökum þess að ekki náðist að samræma aðferðir starfsfólks á deildinni að vinna þessu markmiði. Rætt var um þennan umbótaþátt í sumar og að þörf væri á breytingum þar sem myndaðist næstum á hverjum degi „pissuröð“ fyrir framan salernishurðina. Að mati deildarstjóra voru börn að fara á salerni sem þurfti alls ekki að tæma þvagblöðruna þar sem kennarar lögðu áherslu á að stýra börnum hvenær þau þyrftu að fara á salernið.

Til þess að gera breytingar var ákveðið á deildarfund í mars að huga betur að þessum umbótaþætti og tóku allir starfsmenn þátt í mati á deildarfund í maí. Breytingar fólust í því að ákveðið hljóð (GONG) var notað sem börnin skyldu hvað þýddi. Þau brugðust við hljóðinu og upplifðu tengsl við líkamann sinn og fundu hvort þau þyrftu að fara á salernið.

**Tækifæri til umbóta:** Í maí mánuði má segja að umbótaþætti var náð. Börnin eru meðvitaðri um eigin líkama varðandi salernisferðir. Í dag þarf næstum ekkert að minna börnin á að fara á klósettið og ánægjulegt er að „pissuröðin“ hvarf. Einnig erum við næstum hætt að nota hljóðið til að minna þau á. Mikilvægt var að allir starfsmenn tóku virkan þátt í að hlúa að þessum umbótaþætti. Huga þarf að því að halda vel utan um ákveðin börn sem þurfa á meiri stuðning, hvatningu og hrós að halda.

**3. Mat barna, hvíld:** Rétt fyrir jól voru tekin tvö borð úr heimastofu okkar og með því áttum við meira gólfsvæði inni á deild. Við ákváðum að færa innri hvíldina inn í heimastofu og gátum því haft eina hvíld og einn starfsmann þar. Kennarinn raðaði niður dýnum og ákvað hvar barnið átti að liggja. Í mati barnanna kom augljóslega í ljós að þau vildu ráða sjálf hvar dýnan þeirra væri. Gerð var tilraun í eina viku að prófa hvernig það kæmi út. Niðurstaðan var mjög jákvæð og núna ná börnin sér sjálf í dýnu og

teppi. Þau geta síðan valið hvar þau vilja staðsetja dýnuna sína. Við náðum líka samkomulagi og ræddum við börnin um það að kennari mætti færa barn sem truflar á annan stað í hvíldinni. Þau skildu vel að það þyrfti að gera.

**Tækifæri til umbóta:** Umbótaþætti náð

**Mat barna, hádegismatur:** Mat barna á hádegismatnum var ekki gert þar sem skólinn tók þá ákvörðun í nóvember að vera með matsal fyrir þrjár deildir saman. Við sem starfsmenn erum enn að vinna úr því hvernig best er að gera það.

**Tækifæri til umbóta:** Til skoðunar hvort börnin taka þátt í mati á þessum þætti.

**Mat barna, útvera:** Í umræðum við börnin kom strax upp að þau óskuðu sér að fara í ævintýraferðir í nágrenninu. Við færðum undirbúningstíma eins starfsmanns til að mynda einn lausan dag fyrir hádegi til að manna þessar ferðir. Með þessu móti gátum við komið til móts við óskir barnanna. Núna förum við reglulega í ferðir í nágrenninu. Börnin verða ekki þreytt á að segja frá því að þau hafi fengið að ráða því að fara í ævintýraferðir.

**Tækifæri til umbóta:** Umbótaþætti náð. Halda áfram að hlusta á raddir barnanna varðandi hvað þau vilja gera í útiveru og gera það að veruleika.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Myndatökur</b>	Endurskoða hvernig myndatökum og myndböndum frá börnum og leikskólastarfi er háttað.	Starfsmenn afli sér sjálfir þekkingar eða fari á námskeið um myndatökur	Allir starfsmenn á deild sem og deildarstjóri	Sept. 2022	maí 2023	Umræður og skráð niður þannig allir starfsmenn hafa upplýsingar um hvernig myndatökur eiga að vera.	Markmiði er náð þegar starfsfólk á deildinni upplifir að myndir séu innihaldsríkari en áður. Einnig að starfsfólk sé öruggara um hvernig myndatökum eiga að vera háttað.
	Efla líkams- og hreyfiþroska barna	Börnin hafi aðgang að mismunandi hreyfisvæðum bæði úti og inni.	Allir starfsmenn á deild sem og deildarstjóri	Sept. 2022	maí 2023	Að skrá niður hvenær börnin fái aðgang sal í nærumhverfi leikskólans.	Meta og fara yfir á deildarfundum hreyfiþroska og færni í hreyfileikjum hjá börnunum á deildinni.



### 3.5 Brekka

#### Umbótaáætlun 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræði og skipulag í hvíld							
Bæta menningu, skipulag og lýðræði með hvíld	Hafa hvíldina þannig að allir ná að hvíla sig og börn og starfsmenn eru sáttir.	Eiga samtalið við börnin, hvernig vilja þau hvílast? Saga, tónlist, bækur, Yoga...?	Deildarstjóri og aðrir deildarstarfsmenn	Haust 2021	Vor 2022	Við endurmetum stöðuna í byrjun október og leggjum til breytingar ef þörf er á.	Ef bæði kennurum og börnum líður vel eftir hvíld oftast en ekki þá hefur árangur náðst.
Mat barna á Lubbastundum	Að efla áhrif barna á fyrirkomulagi og skipulagi Lubbastunda.	Að gera mat með börnunum og eiga við þau samtalið um hvað þeim finnst skemmtilegast í lubbastundum og hvernig þau vilja hafa Lubbastundir.	Umsjónarmenn Lubbastunda	Haust 21	Vor 22	Samtalið við börnin þar sem lagt er upp með ákveðnar spurningar er varðar Lubbastundir og þannig fáum við að heyra þeirra hugmyndir um hvernig er hægt að bæta skipulagi Lubbastunda.	Rödd barnanna fær að heyrast og það sem þau leggja til er varðar fyrirkomulagi Lubbastund verður hrint í framkvæmd.

#### Mat á umbótaþætti 1:

Það hefur tekist mjög vel að ná utan um hvíldina þennan vetur. Hún hefur verið í tvennu lagi og er mismunandi eftir því sem hentar nemendum. Við ræddum við nemendur um hvernig þau vilja hafa hvíldina og þar höfum við komið til móts við þeirra hugmyndir um tónlist, sögur, bækur eða yoga. Börn hafa hvílast vel og kennarar eru ánægðir með fyrirkomulagið.

Við höfum notast við tímavaka til að hjálpa þeim sem ráða ekki alltaf við langar hvíldir og það hefur reynst vel. Eftir ákveðinn tíma hafa þau kost á að vera í rólegum leik á meðan hvíldin klárast.



Umbótaþætti lokið, en ætlum að halda okkar striki.

### Mat á umbótaþætti 2:

Mat var gert á Lubbastundum er tengjast námsefninu *Lubbi finnur málbein* þar sem lagt er á áherslu á málörvun og hljóðanám. Lubbateymisstjórar áttu samtöl við börnin um hvað þeim fyndist skemmtilegast í Lubbastundum og hvað þau vilja helst gera í stundunum. Börnunum finnst mjög skemmtilegt að vera í útinámi í Lubbastundum. Þau nefndu að þeim fannst gaman í leikjum úti t.d. í ratleik. Þau upplifðu að það væri gaman að æfa sig að skrifa stafi í Lubbastundum og að gera verkefnaþönd tengt hljóðanámi og hljóðkerfisvitund. Þau sögðu líka frá því að þeim fannst hreyfileikir inni í Lubbastundum skemmtilegir. Þessum umbótaþætti er lokið en ráðgert að gera ávallt mat eftir veturinn með börnunum um hvernig þau vilja hafa stundirnar. Markmiðið er að efla lýðræði hjá börnunum og að raddir þeirra hafi áhrif á hvað er gert í Lubbastundum.

### Umbótaáætlun 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Lýðræði og skipulag í hvíld</b>							
<b>Bæta samskipti og samtal um dagskipulag</b>	Tala saman í byrjun dags um hvað fer fram á morgunfundum og koma til skila helstu atriðum dagsins og hvað við viljum gera um daginn. Nýta dagbókina Nota töflu.	Krefja hvort annað um upplýsingar hvað varðar daginn og dagskipulag.	Deildarstjóri og aðrir deildarstarfs- menn.	Haust 2022	Vor 2023	Við endurmetum stöðuna í byrjun október og leggjum til breytingar ef þörf er á.	Ef kennurum finnst þeir vera með á nótunum og skipulag helst er markmiði náð.



#### 4 Innra mat sérkennslu

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2021-2022</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð? Var haft í huga menntun án aðgreiningar? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Ávallt er haft að leiðarljósi við skipulagningu sérkennslu í leikskólanum hugmyndafræði um menntun án aðgreiningar. Skipulag sérkennslu miðist að því að barn með sérþarfir einangrist ekki frá barnahópnum og fái stuðning við hæfi til að eiga hlutdeild í barnahópnum. Fagleg rök styðja ávallt við val á einstaklingsþjálfun. Gengið er út frá því að markmið sem unnið er með í einstaklingsþjálfun feli í sér langtímamarkmið um yfirfærslu inni á deild. Megináhersla er á að markmið úr einstaklingsnámskrám sem fylgja öllum börnum með fjármagn sé unnið inni á deild í barnahópnum. Leikurinn er námsleið barna á leikskólaaldri og er leiknum gert hátt undir höfði í allri snemmtækri íhlutun. Unnið er með styrkleika barna og út frá áhugasviði þeirra. Starfsfólk sérkennslu er með ákveðin eyðublöð til að fylla út eftir hópastarf og einstaklingskennslu þar sem fylgst er með framförum. Einnig er APES færnimatslisti fylltur út reglulega til að fylgjast með framförum og hvernig gengur að vinna með markmið út frá einstaklingsnámskrám. Í sumum tilvikum er stuðst við skráningar í samræmi við aðferðir</p>
--	---



	atferlisíhlutunar eða skipulagðrar kennslu.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis konar námsefni er notað til þess að vinna með markmið út frá einstaklingsnámskrám fyrir börn sem þurfa á stuðningi að halda. Margs konar spil til að vinna með málþroska. Námsefni eins og <i>Leikum og lærum með hljóðin</i> og <i>Lubbi finnur málbein</i> til að vinna með hljóðanám, framburð og hljóðkerfisvitund. Ýmis konar málörvunarefni eins og <i>Tölum saman</i> og <i>Ljáðu mér eyra</i> . Bækur eru í hávegum hafðar til að vinna með málþroska. Einnig eru notuð smáforrit í spjaldtölvum sem ætluð eru til að efla málþroska, stærðfræði, hljóðanám og framburð ( <i>Lærum og leikum með hljóðin</i> , <i>Orðagull</i> , <i>Pubbet Pals</i> ).

Í síðustu umbótaáætlun var ráðgert að sérkennslustjóri ásamt deildarstjóra fari yfir barnahópin og meti hvaða börn þurfa á örvun að halda til að efla þroska þeirra. Samtal í kjölfarið um hvernig starfsfólk sérkennslu kemur að því. Það tókst að koma á samtölum við deildarstjóra um barnahópin um haustið. En það þarf að huga betur að því næsta haust að það sé meiri eftirfylgd um hvernig gengur. Að auki að starfsfólk í sérkennslu sé með stundaskrá um hvenær það kemur inn á deildir til þess að huga að t.d. málörvun, leikþjálfun eða því sem við á. Í næstu umbótaáætlun er áætlun um stofnun sérkennsluteymis þar sem starfsfólk þess teymis kemur inn á deildir til að sinna verkefnum vegna barna sem þurfa örvun á ákveðnum þroskasviðum eða eru með fjármagn vegna stuðnings.

Annað sem sett var fram í síðustu umbótaáætlun var að koma sérkennslustjóra á deildarfundi. Það þarf að skerpa enn betur á því næsta vetur og að sérkennslustjóri komi ávallt inná deildarfundi. Ráðgert sé í dagskrá deildarfunda að ræða markmið úr einstaklingsnámskrám eða með ákveðna fræðslu eða veita ráðgjöf við því sem brennur á starfsfólki.



## Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stofnun fagteymis sérkennslu	Starfsmenn sem starfa í sérkennslu tilheyrast sérkennsluteymi og starfa undir stjórn sérkennslustjóra. Starfsmenn teymisins koma inn á deildir á þeim tíma sem nýtist best vegna barna með sérþarfir. Að auki til að örva ákveðna þroskaþætti hjá þeim börnum sem á þurfa að halda.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar eiga samtal um haustið um hvaða börn eru með sérkennslu. Einnig hvaða önnur börn þurfa á ákveðinni örvun að halda. Deildarstjóri og sérkennslustjóri ákveða í sameiningu þann tíma sem starfsfólk sérkennsluteymis koma inn á deildir vegna þessara barna.	Sérkennslustjóri og deildarstjóri	Ágúst/sepember 2022	Ágúst 2023	Samtöl við deildarstjóra um hvernig gengur. Skráning starfsfólks sérkennsluteymis á viðveru og hvaða markmiðum er verið að vinna að.	Skráning hjá starfsfólki sérkennsluteymis um viðveru og á deildum og skráning um hvað var gert til þess að styðja við börn með sérþarfir og sem þurfa örvun á ákveðnum þroskasviðum og hvaða árangur náðist.

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað til launagreiðslu í 50% stöðu verkefnastjóra fjölmenningar sem sinnir málörvun tví- og fjöltyngdra barna. Verkefnastjóri hefur yfirsýn og er með utanumhald utan um fjölmenningarstarf í leikskólanum. Að auki veitir verkefnastjóri ráðgjöf til starfsfólks er varðar málörvun
---	---



	<p>fjöltyngdra barna og hvernig fjölmennung er gerð sýnileg í starfi leikskólans. Verkefnastjóri sér um og ber ábyrgð á móttökuáætlun barna af erlendum uppruna (Velkomin verkefnið) sem er í samstarfi við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Unnið er með daglegan orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir í gegnum allt daglegt starf. Myndrænt dagskipulag er haft sýnilegt á öllum deildum. Öll börn sem hafa annað móðurmál en íslensku fá myndrænu orðabókina <i>Ljáðu mér orð</i> til að styðja við og auka skilning hjá börnum sem eru að ná tökum á íslensku. Aðferðin Gefðu 10 hefur gengið misvel á deildum. Leggjast þarf í enn meira átak er varðar Gefðu 10 og halda utan um skráningu er varðar það.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Með þjóðsöguvinnu á hverri vorönn og lestri bóka er lögð mikil áhersla á dýpri orðaforða. Til þess að efla orðaforða er lögð áhersla á að taka fyrir ákveðna orðflokka. Efni sem tengist ákveðnum þemum hefur verið safnað í þemakassa þar sem til að mynda er unnið með ákveðna orðflokka t.d. föt, líkaminn, dýr. Þemakassar eru aðgengilegir til málörvunar á öllum deildum. Les- og samverustundir eru nýttar til þess að dýpka orðaforða barna með því að vinna með söngva, þulur og vísur. Þar gefst tækifæri á að vinna með orð og</p>



	<p>orðasambönd sem ekki eru algeng í daglegu tali. Lögð er áhersla á mikilvægi þess við starfsfólk að ræða um og útskýra orð og orðasambönd sem eru ekki algeng.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Fylgst er með framförum fjöltyngdra barna með því að gera TRAS málþroskaskráningu á öllum börnum. Íhlutun sett af stað ef þörf krefur. Í leikskólanum er gerð Efi-2 málþroskaskimun á öllum börnum á fjórða aldursári. Hljóm 2 skimun er tekin á öllum börnum á elsta ári í leikskólanum. Í ákveðnum tilvikum eru gerðar einstaklingsnámskrár þar sem unnið er með ákveðin markmið er tengjast málþroska og fylgst með framförum. Áætlað er næsta vetur að vera með skráningu um gæðalestur á öllum deildum að öll tví- og fjöltyngd börn fái einstaklingsgæðalestur yfir daginn. Verkefnastjóri fjölmenningar í samráði við deildarstjóra hefur stuðst við Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn frá Menntamálastofnun til að fylgjast með framförum og grípa inni í með markvissum hætti ef þörf krefur.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Málörvun er rauður þráður í gegnum allt daglegt starf. Unnið er með námsefnið <i>Ótrúleg eru ævintýrin</i> þar sem unnið er með eina þjóðsögu, vísur eða þulur á hverri vorönn. Til þess að hlúa að tjáningu og frásögn er lögð áhersla á frjálsa leikinn, að börnin fái tækifæri á að tjá sig við hvort annað, starfsfólk styður við</p>



leikinn. Á öllum deildum skólans eru söngstundir a.m.k. einu sinni á dag sameiginlegar söngstund einu sinni í viku. Leitað er leiða í samverustundum til þess að efla tjáningu hjá börnum með því að gefa þeim tækifæri á að segja frá því sem þau vilja. Í gegnum listsköpun fá börnin tækifæri á að segja frá því sem þau skapa. Þjóðsöguvinnan felur í sér að öll börn skólans endursegja þjóðsögu/vísu eða þulu með sínu nefi sem skrifuð er orðrétt eftir frásögn þeirra.

Bækur eru í hávegum hafðar og aðgengilegar börnunum. Lögð er áhersla við lestur bóka að spyrja börnin út úr sögunni til að efla hlustun. Í öllu daglegu starfi fá börnin fyrirmæli er varðar ýmislegt sem er að gerast í leikskólanum og með því er verið að efla heyrnræna úrvinnslu. Unnið er með hljóðkerfisvitund í samverustundum og hópastarfi þar sem unnið er með rím, setja saman orð og klappa atkvæði. Unnið er með hljóðanám í gegnum námsefnið *Lubbi finnur málbein* á öllum deildum.

Ritmál er sýnilegt með því að merkja hluti og húsgögn. Stafir og stafróf er sýnilegt á deildum. Hljóð og tákn vikunnar út frá námsefninu *Lubbi finnur málbein* er sýnilegt á öllum deildum.

Málörvun fer fram út frá fjölbreyttum kennsluaðferðum og efnivið. Í öllu málörvunarstarfi er haft að leiðarljósi



	<p>að vinna með áhugasvið og styrkleika barna. Leitast er við að hlusta á rödd barnanna og að óskir þeirra og langanir séu virtar.</p> <p>Í dagskipulaginu er gefið rými fyrir leik sem er námsleið leikskólubarna. Starfsfólk er meðvitað um að styðja við leik og efla félagsleg tengsl barna. Tilfinningar barna eru virtar og fá þau tækifæri til að bera kennsl á tilfinningar sínar og vinna úr þeim með stuðningi starfsfólks. Fylgst er með félagstengslum barna og leitað er leiða til að hjálpa börnum að ná góðum félagslegum tengslum í barnahópnum. Að auki að öll börn fái virka hlutdeild í hópnum og komið sé til móts við ólíkar þarfir. Haft er að leiðarljósi að jafnræði og virðing ríki í barnahópnum.</p>
--	---

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Myndun málörvunarhópa þar sem hugað er að markvissri málörvun fyrir börn sem hafa ekki íslensku sem heimamál.	Að gefa tíma og rými í skipulagi deilda til að þess að mynda málörvunarhópa. Starfsfólk í sérkennsluteyminu ber ábyrgð á að sjá um málörvunarstu	Verkefnastjóri fjölmenningar á samtöl við deildarstjóra á deildum er varðar myndun málörvunarhópa. Verkefnastjóri fjölmenningar veitir ráðgjöf	Verkefnastjóri fjölmenningar og deildarstjórar.	Septem ber 2022	Júlí 2023	Skráning um markmið og það sem gert í málörvuna hópnum. Skráningu skilað til verkefnastjóra sem fylgist með framförum barna.	Viðmið um árangur í kjölfar málörvunarstunda er mældur á þann hátt að fylgst er með árangri með því að fara reglulega yfir hæfniramma.



	ndir á deildum.	um námsefni og markmið í málörvunarhópum.					
--	-----------------	---	--	--	--	--	--

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Snerpusamtöl fóru fram að vori. Leikskólastjóri ræddi við deildarstjóra, sérkennslustjóra og nýliða. Deildarstjórar buðu sínu deildarstarfsfólki í samtal.

Á skólaárinu voru fimm starfsmenn skráðir í nám í kennarafræðum við Menntavísindasvið Háskólans. Fjórir voru í meistaranámi og einn í grunnnámi. Af þessum fimm útskrifuðust þrír með starfsréttindi sem kennarar. Starfsfólk nýtti sér hin ýmsu námskeið sem í boði voru á vegum skóla og frístundasviðs. Auk þess sem nokkrir fyrirlestrar og örnámskeið voru á vegum skólans.

Á skólaárinu var starfrækt formlegt lærdómssamfélag þeirra starfsmanna sem á skólaárinu voru í formlegu kennaranámi við Menntavísindasvið. Hugmyndin var að hópurinn kæmi með beinum hætti að starfsþróun og nýti aðgengi að háskólanum og þekkingu sína til að hafa með beinum hætti áhrif á þróun skólstarfsins.

Vegna Covid 19 var starfsfólki ekki boðið upp á nein námskeið né kynningar fyrr en nú rétt á vordögum. Þá fóru þrír starfsmenn á námskeið ADHD samtakanna á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Sérkennslustjóri fór á námskeiðið *Náttúrleg kennsla* hjá Ráðgjafar og greiningarstöð ríkisins og einn deildastjóri fór á réttindanámskeið *Hljóm 2*.

- Skólaheimsóknir:
- Ösp í Breiðholti. Halldóra Sigtryggsdóttir leikskólastjóri og Helga Hrund Bjarnadóttir aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri kynntu starfsemi skólans.
- Stekkjarás og Skarðshlíðarleikskóla í Hafnarfirði heimsóttir á skipulagsdegi í maí. Michelle Sonía Aðstoðarleikskólastjóri Stekkjarás og Katrín Hildur Jónasdóttir Aðstoðarleikskólastjóri Skarðshlíðarleikskóla tóku á móti okkur.

Kynningar sem boðið var upp á á skipulagsdögum:

- Hvatning: María Erlingsen leikkona flytur starfsfólki hvatningu.
- Einhverfa - Eva Dögg Gylfadóttir Sálfræðingur | Yngri barna svið /Ráðgjafar- og greiningarstöð.
- Menntastefna, Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnisstjóri hjá Skóla- og frístunasviði.



- Leikumhverfi og matsalur - Hörður Svavarsson leikskólastjóri og Dr. Guðrún Alda Harðardóttir pedagogista kynna undirbúning og framkvæmd „matsals“ í leikskólanum Aðalþingi Kóp.
- Sævar Helgi Bragason (Stjörnu-Sævar) flytur erindi.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Vesturbæjarskóli er okkar helsti samstarfs grunnskóli, þótt héðan fari einnig nokkuð af börnum í Melaskóla, Grandaskóla og Landakotsskóla. Samstarf vetrarins markaðist því miður enn og aftur af Covid 19 faraldrinum. Þegar tók að vora þá var okkur boðið í heimsókn í frístund og seinna í Vesturbæjarskóla. Krakkarnir fengu þá aðeins að kynnast þeirra næsta áfangastað í lífinu. Við héldum skilafundi með Vesturbæjarskóla þar sem frístund var með í ráðum. Öllum viðeigandi upplýsingum um börn var komið áfram ásamt öðrum heillaráðum.

## 8 Foreldrasamvinna

Covíð faraldurinn hefur haft neikvæð áhrif á foreldrasamvinu undanfarin ár. Vegna hans höfum við þurft að takmarka mjög aðgengi foreldra að skólanum. Það var því mikill gleði dagur þegar við loksins gátum haft opið hús nú á vordögum í tilefni Barnabókahátíðar Reykjavíkur. Nýskipuð stjórn Foreldrafélagsins tók virkan þátt í undirbúning og framkvæmd þessa viðburðar og það er von okkar að nú getum við loksins horft fram á tíma þar sem öflug stjórn foreldrafélag skólans tekur virkan þátt í skipulagi viðburða og ekki síst aðhaldi við stjórn skólans er kemur að stefnumótun í formi starfsáætlana t.d.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar síðasta skólaárs voru eftirfarandi: 15. október, 10 nóvember, 3. janúar, febrúar, 17 mars og 27. maí.

Skipulags dagar næsta skólaársins verða: 22. september. Ráðstefna á vegum Reykjavíkurborgar. Kynning á nýju starfsfólki og áherslur í starfi vetrarins kynntar.

7. október. Jafningjafræðsla. Fjöldi fyrirlestra og kynninga á vegum starfsfólks fyrir starfsfólk.

17. nóvember. Undirbúningur fyrir vinnu með *Ótrúleg eru ævintýrin*.

2. janúar, fyrirlestrar og deildarfundir.

21. apríl náms og kynnisferð

10. maí samantekt og mat á starfi vetrarins.

## 10 Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX  
XXXXX XXXXXXXX  
XXXXX XXXXXXX

### Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkenndu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**

